

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sandgerðis 1997 – 2017, miðsvæði 1.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sandgerðis 1997-2017 frá 5. ágúst 1999.

Breytingin felst í að miðsvæði 1 er stækkað til austurs inn á áður skilgreint íbúðarsvæði og lega Víkurbrautar til suðurs breytist þannig að gatnamót hennar við Austurgötu verða við Suðurgötu í stað Vallargötu. Jafnframt er hringtorg á gatnamótum Hafnargötu og Strandgötu fellt niður og Víkurbraut tengd við Strandgötu. Miðsvæðið er skilgreint sem miðsvæði/miðbæjarsvæði í stað blandaðrar landnotkunar þjónustustofnana, verslunar og þjónustu og íbúða.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 22. september 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag miðbæjarsvæðis í Sandgerði.

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar hefur þann 10. september 2003 samþykkt deiliskipulag miðbæjarsvæðis í Sandgerði.

Skipulagstillagan hefur fengið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Sandgerði, 23. september 2003.

F.h. Sandgerðisbæjar,

Guðfinnur G. Þórðarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.